

Áfangalýsing - Náttúrufræði



Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar – vorönn 2011

Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

NÁT 204 - fyrir Náttúrufræðibraut

Fjöldi eininga

4

Undanfari

NÁT 102

Lýsing á efni áfangans:

Í þessum áfanga fer fram kynning á fjölbreytileika lífríkis jarðar. Nútíma flokkunarfræði er tekin til umfjöllunar og kynnt ýmis dæmi úr hverjum hóp.

Kennslugögn:

Inquiry into Life , Silvia S. Mader, 12. útgáfa 2008.
Ensk- íslenskur orðalisti fyrir líffræði , Árni Heimir Jónsson.
Handbækur/greiningarlyklar eftir þörfum
Myndbönd/DVD og efni á netinu
Aukaefni frá kennara, t.d. ljósrituð litaverkefni

Námsmat:

Kaflapróf; meðaltal prófa á önninni: 50%
Ýmis einstaklingsverkefni; t.d. litaverkefni: 20%
Skýrslur úr verklegum æfingum, niðurstöður úr hópverkefnum: 10%
Mat kennara á vinnu nemenda, vinnubrögðum og framförum: 20%

Áfangalýsing - Náttúrufræði



Lokamarkmið áfanga:

Að nemandi:

- * kunni skil á veirum, byggingu þeirra, fjölgun og sníkileiginleikum
- * kunni skil á byggingu, efnaskiptum, flokkun og æxlun baktería
- * kunni að nota smásjá og geti búið til smásjárýni
- * þekki byggingu og lífshætti sveppa
- * þekki byggingu og lífshætti fléttna
- * þekki byggingu og lífshætti frumvera
- * kunni skil á há- og lágplöntum en í því felst að þekkja:
 - o lífsferil og þróun lífsferils þeirra frá mosum til dulfrævinga
 - o sérhæfingu gró- og kynliðar
 - o æxlun háplantna
 - o einkenni ein- og tvíkímblöðunga
- * kunni skil á vefdýrum en í því felst að:
 - o vita hver þróunartengsl vefdýra eru
 - o þekkja einkenni helstu fylkinga
 - o þekkja lögun og samhverfur
 - o geta gert grein fyrir þróun líkamshols
 - o kunna skil á frum- og síðmynnla, fiskum, froskdýrum, skriðdýrum, fuglum, spendýrum og þróun fremdardýra